

Alþingi
Erindi nr. P 139/1832
komudagur 29. 3. 2011



HÍN ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRAEÐIFÉLAG – HÍN
Hamraborg 6a, 200 Kópavogi
www.hin.is

28.3.2011

HÍN íslenzka náttúrufræðifélag HÍN, hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi, 283 mál. Stjórn félagsins vill að því tilefni gera eftirfarandi athugasemdir.

Eitt aðalbaráttumál HÍN er og hefur lengi verið það að stjórnvöld hrindi í framkvæmd uppbyggingu á húsnæði og sýningaraðstöðu fyrir Náttúruminjasafn Íslands á höfuðborgarsvæðinu þannig að sæmi íslenskri þjóð, gestum hennar og sérstæðri náttúru landsins. Í samræmi við lög um Náttúruminjasafn Íslands frá 17. mars 2007, sem fela í sér að það verði eitt af höfuðsöfnum þjóðarinnar við hlið Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og fleiri safna telur HÍN einsýnt að safnið hafi aðalstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, í námunda við önnur höfuðsöfn landsins og sé í nánum tengslum við háskólaumhverfið og aðrar stórar rannsóknastofnanir sem sýsla með náttúru landsins.

Stjórn HÍN fagnar þeim áhuga og skilningi sem flutningsmenn tillögunnar um Náttúrugripasafn Íslands á Selfossi sýna á nauðsyn þess að komið verði á fót höfuðsafni í Náttúrufræðum og getur tekið undir margt í tillögu þeirra. Óskandi væri að þingmenn höfuðborgarinnar hefðu sama metnað fyrir hönd síns kjördæmis. Minna má á að mörg bæjarfélög önnur hafa sýnt þessu málefni áhuga og boðið fram húsnæði og ýmis hlunnindi. Má þar nefna Húsavík, Sauðárkrók og Garðabæ. Allt er þetta þakkarvert. Stjórn HÍN vill hins vegar gera úrslitartilraun í þá veru að knýja á um byggingu safnsins í Reykjavík og minnir á að í deiliskipulagi höfuðborgarinnar er sérstök lóð eyrnamerkt fyrir þessa starfsemi. Hún er í Vatnsmýri nálægt Öskju, náttúrufræðihúsi HÍ, og uppfyllir þau skilyrði sem fram koma í stefnu HÍN gagnvart Náttúruminjasafni. Þrátt fyrir merkingar á skipulagsuppdráttum hefur staða þessarar lóðar verið í óvissu og stjórnarmálamenn hafa reynt að ráðstafa henni til annars konar starfsemi.

HÍN hefur farið þess á leit við mennta- og menningarmálaráðherra að nú þegar verði gerðar kröfur sem fela í sér endurheimt lóðarinnar í Vatnsmýri með það að markmiði að hún verði á ný ótvírætt sá staður sem Náttúruminjasafni er ætlaður. Reynist þessi leið ófær verði þegar hafinn undirbúningur að því að finna lóð undir safnhús sem tengst geti miðborg Reykjavíkur og háskólaumhverfinu með jafn ákjósanlegum hætti. HÍN leggur áherslu á að þetta þjóðþrifamál fái farsælan framgang og meðan ekki er fullreynt um að safnið risi í miðborg Reykjavíkur styður félagið ekki hugmyndir um aðra staði.

Arni Hjartarson, formaður HÍN